

22. febrúar 2011  
SI-70919

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 334. mál á 139. löggjafarþingi.

Með tölvupósti dags. 31. janúar sl., óskaði félags- og tryggingamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Seðlabanki Íslands fagnar þingsályktunartillögunni og telur að í henni felist margar nýjungar sem eru til þess fallnar að styrkja stöðu jafnréttismála. Seðlabanki Íslands fagnar sérstaklega þeim markmiðum sem sett eru fram um eftirfylgni með áætluninni og þeim stuðningi sem veita á jafnréttisfulltrúum ráðuneyta m.a. með því að þeim sé veitt sérfræðiráðgjöf við framkvæmd verkefna.

Aukinni samþætting kynja- og jafnréttismála inn í alla stefnumörkun ber einnig að fagna. Í þingsályktunartillögunni er jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna falið að móta heildstæða áætlun um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í stefnumótun og ákvarðanatölu ráðuneyta og opinberra stofnana. Seðlabanki Íslands vill hinsvegar benda á þá stefnu sem liggur á bak við núgildandi jafnréttisáætlun bankans sem er að tvennt skipti mestu máli við framkvæmd jafnréttisáætlana; að vilji æðstu stjórnenda til breytinga sé til staðar þannig að tillögur jafnréttisáætlunar komist í framkvæmd en jafnframt að tryggt sé að sá aðili sem er þannig staðsettur innan stjórnkerfisins að hann eigi auðvelt með að hafa áhrif á framvindu mála sé ábyrgur fyrir framkvæmd verkefna. Fyrri skilyrðinu yrði uppfyllt með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu en hnykkja þyrfti í tillögunni á ábyrgð þeirra sem sjá um daglega framkvæmd mála eða verkefna, þ.e. þeirra stjórnenda sem standa milli æðstu stjórnenda og viðkomandi jafnréttisfulltrúa.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Rannveig Sigurðardóttir  
formaður jafnréttisnefndar Seðlabanka Íslands